



Hvalfjarðarsveit, 5. desember 2019

Skeljungur hf.
Gróa Björg Baldvinsdóttir
netfang: gbb@skeljungur.is

Efni: Olúgeymir (sjálfsafgreiðsla) Skelungs hf. við Vesturbraut 20

Með bréfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HeV), dags. 29.01.2018, til Skeljungs hf. voru gerðar athugasemdir vegna um 10.000 l sölugeymis fyrir díselolíu sem staðsettur var á lóð nr. 20 við Vesturbraut í Búðardal. Óskað var skýringa á málinu frá Skeljungi hf. enda hefði ekki verið sótt um leyfi fyrir umræddum sölugeymis til heilbrigðisnefndar til samræmis við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur valdið mengun. Þá lá fyrir að ekki hafði verið sótt um leyfi til sveitarfélagsins Dalabyggðar fyrir umræddum sölugeymi.

Með bréfi sem barst frá Skeljungi, dags. 9. febrúar 2018, kemur fram að Skeljungur hefði sótt um lóð fyrir afgreiðslustöð í Búðardal í september 2017 en verið formlega hafnað af sveitarstjórn 24. október sama ár. Í bréfinu Skeljungs er óskað eftir því að umræddur sölugeymir fái að standa á þessum stað til maíloka 2018 meðan málið væri í vinnslu og viðræður í gangi við Dalabyggð.

Með bréfi heilbrigðisnefndar Vesturlands til Skeljungs, dags. 14.02.2018, kom fram bókun nefndarinnar frá stjórnarfundum tveimur dögum fyrr um staðsetningu sölugeymis frá fyrirtækinu við Vesturbraut 20 í Búðardal. Bókun þessi var gerð í framhaldi af bréfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands til fyrirtækisins, dags. 29.01.2018 og svarbréfi frá Skeljungi hf. til HeV ásamt fylgigögnum dags. 09.02. 2018. Heilbrigðisnefndin tók vel í erindi Skeljungs og frestaði aðgerðum enda sækti félagið um stöðuleyfi til sveitarstjórnar Dalabyggðar fyrir umræddum geymi innan 14 daga frá dagsetningu bréfsins.


Skeljungur hf. sótti um stöðuleyfi fyrir sölugeyminn til loka maí 2018 til Dalabyggðar með bréfi dags. 26. febrúar 2018.

Var málið afgreitt með jákvæðum hætti fyrst í umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar hinn 15. mars 2018 með fyrirvara um umsögn slökkviliðsstjóra.

Afgreiðsla umhverfis- og skipulagsnefndarinnar var síðan staðfest í sveitarstjórn Dalabyggðar á fundi 20. mars sama ár.

Samkvæmt upplýsingum frá Dalabyggð nú hefur lítið gerst í málinu og sölugeymirinn hefur ekki verið fjarlægður þrátt fyrir óskir Skeljungs um stöðuleyfi fram til loka maí 2018.

HeV fer því fram á það við Skeljung hf. að sölugeymirinn verði fjarlægður innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs og bendir um leið á að aldrei hefur verið gefið út formlegt starfsleyfi fyrir þessum sölugeymi í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit (áður reglugerð nr. 785/1999) og reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Virðingarfyllt,

framkv.stj. heilbrigðiseftirlits
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
VESTURLANDS

Samrit:
Dalabyggð, dalir@dalir.is